

## Upplýsingar frá dýralækni til dýraeiganda við einstaklingsmerkingu á gæludýrum

Í tengslum við einstaklingsmerkingu á dýri þínu, samþykkir þú að eftirfarandi persónuupplýsingar verði skráðar í gagnagrunninn [Dyraudkenni.is](http://Dyraudkenni.is)

- Kennitala eiganda, nafn og heimilisfang (valfrjálst símanúmer og tölvupóstur)

Aðrar upplýsingar sem eru skráðar varða dýrið:

- Nafn dýrs, örmerki/eyrnamerki, dýrategund, dýrakyn og kyn dýrs (valfrjálst mynd af dýri)

Upplýsingarnar verða notaðar í tengslum við einstaklingsmerkingu gæludýra og uppbyggingu miðlægs gagnagrunns. Markmiðið með grunninum er að halda utan um einstaklingsmerkingarnar og gera upplýsingarnar aðgengilegar á netinu. Með því er verið að tryggja velferð dýranna og auka líkur á að dýr í vanskilum komist sem fyrst aftur til eigenda sinna.

[Dyraudkenni.is](http://Dyraudkenni.is) mun meðhöndla persónuupplýsingarnar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd. Aðeins upplýsingar um eiganda eru persónuupplýsingar skv. skilgreiningu laganna.

[Dyraudkenni.is](http://Dyraudkenni.is) mun aðeins nota upplýsingarnar til að þjóna ofangreindu markmiði.

[Dyraudkenni.is](http://Dyraudkenni.is) mun einungis geta yfirfært upplýsingarnar til þriðja aðila í tengslum við rannsóknir er varða dýrið, ef slík rannsókn hefur verið leyfð og viðurkennd af Persónuvernd.

**Ef örmerkt eða eyrnamerkt gæludýr í vanskilum finnst, er hægt að gera leit á**

**[www.dyraudkenni.is](http://www.dyraudkenni.is)**

Hvernig grunnurinn virkar:

- 1) Allir hafa aðgang til að leita í grunninum að einstaklingsmerki dýrs. Upplýsingar um eiganda dýrsins koma þá fram. Ekki er hægt að gera leit að öðru en merki dýrsins.
- 2) Dýralæknar fá aðgang til að skrá dýr í grunninn og leita að dýri eða eiganda þess.
- 3) Eigendur skráðra dýra fá aðgang að eigin dýrum í kerfinu í gegnum veflykil. Þar geta þeir staðfest samþykki sitt varðandi innskráninguna. Samþykki þetta er hægt að afturkalla hvenær sem er, og munu þá engar upplýsingar um dýrið birtast við almenna leit í kerfinu.